

SAMKVÆMT LÖGUM ERU ALLIR YNGRI EN 18 ÁRA BÖRN

Börn eiga rétt á að þekkja báða foreldra sína og umgangast þá báða.

Börn eiga rétt á forsjá, framfærslu, umhyggju og virðingu foreldra sinna. Foreldrar eiga rétt á og bera þá skyldu að taka mikilvægar ákvarðanir fyrir hönd barna sinna.

Foreldrar hafa umsjón með fjármálum barna sinna en meginreglan er að börn ráða yfir þeim peningum sem þau hafa sjálf unnið sér inn eða fengið að gjöf. Börn mega ekki stofna til skulda.


Börn má ekki beita ofbeldi. Foreldrar eiga að vernda börn sín gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi.

Ef barn býr við slæmar aðstæður eða sætir illri meðferð, á í erfiðleikum eða hefur orðið fyrir áreitni, ofbeldi eða öðrum afbrotum getur það leitað til barnaverndar í síma 112.

Þeir fullorðnu eiga að taka réttmætt tillit til skoðana barna í samræmi við aldur þeirra og þroska.

Ríki og sveitarfélögin eiga að sjá öllum börnum fyrir grunnmenntun og heilsugæslu til verndar andlegu, líkamlegu og félagslegu heilbrigði þeirra.

Börn eiga rétt á friðhelgi einkalífs.



ERT ÞÚ 0–18 ÁRA?

Ef það er eitthvað sem þú vilt vita um réttindi þín og skyldur skaltu endilega skoða vefsíðuna **barn.is** eða hafa samband við skrifstofu umboðsmanns barna.

Þú getur hringt í s. **800 5999**,

sent tölvupóst á **ub@barn.is**

eða komið á **Laugaveg 13, 101 R**.

Þegar þú leitar til umboðsmanns barna þarft þú ekki að gefa upp nafn nema þú viljir það.

Umboðsmaður barna vill vita hvað börn eru að hugsa, hvernig þeim líður og hvað börnum finnst um ýmsa hluti sem snerta þau og umhverfi þeirra.



UMBOÐSMAÐUR BARNNA

LAUGAVEGI 13 · 2. HÆÐ · 101 REYKJAVÍK · GRÆNT NÚMER 800 5999 · SÍMI 552 8999 · FAX 552 8966 · WWW.BARN.IS · UB@BARN.IS



OPINBER TALSMANNAÐUR ALLRA BARNNA Á ÍSLANDI

WWW.BARN.IS

UMBOÐSMAÐUR BARNNA

HLUTVERK UMBOÐSMANNS BARNA

UMBOÐSMAÐUR BARNA VINNUR AÐ ÞVÍ AÐ BÆTA HAG BARNA OG UNGLINGA. HANN GÆTIR ÞESS AÐ TEKIÐ SÉ TILLIT TIL RÉTTINDA BARNA, ÞARFA OG HAGSMUNA ÞEIRRA Á ÖLLUM SVIÐUM SAMFÉLAGSINS, T.D. VIÐ LAGASETNINGU, ÁKVARÐANATÖKU OG SKIPULAGNINGU. UMBOÐSMAÐUR BARNA LEIÐBEINIR ÞEIM SEM TIL HANS LEITA UM RÉTTARSTÖÐU OG MÖGULEG ÚRRÆÐI.

EÐLI EMBÆTTIS UMBOÐSMANNS BARNA

Umboðsmaður barna:

- er sjálfstæður og óháður fyrirmælum stjórnvalda,
- starfar á öllum sviðum löggjafar og lagaframkvæmdar,
- ákveður sjálfur hvaða mál hann tekur til frekari meðferðar,
- hefur víðtækan rétt til að afla upplýsinga og hefur óheftan aðgang að öllum stofnunum fyrir börn,
- hefur ekki úrskurðarvald og getur ekki beitt þvingunarúrræðum,
- tekur ekki að sér mál einstakra barna.


HVAÐ VILT ÞÚ VITA?

HAGSMUNIR BARNA TENGJAST ÖLLUM SVIÐUM SAMFÉLAGSINS Á EINN EÐA ANNAN HÁTT. Á VEF UMBOÐSMANNS BARNA, BARN.IS, ER AÐ FINNA UPPLÝSINGAR UM LÖG OG REGLUR SEM GILDA UM ÝMSA MÁLAFLOKKA. ÞAR ERU EINNIG TENGLAR Á STOFNANIR OG AÐRA AÐILA SEM EINSTAKLINGAR GETA LEITAÐ TIL.

GRÓF SKIPTING MÁLAFLOKKA Á BARN.IS:

- | | | |
|--------------------|-------------------|--------------------|
| > Fjölskyldan | > Tölvur og GSM | > Kynferðisofbeldi |
| > Leikskólinn | > Markaðssetning | > Kynlíf |
| > Grunnskólinn | > Vímuefni | > Fjármál |
| > Framhaldsskólinn | > Barnavernd | > Afbrot |
| > Leiksvæði barna | > Ofbeldi | > Öryggi |
| > Heilsa og líðan | > Einelti | > Vinna |
| > Fjölmíðlar | > Heimilisofbeldi | |

Á síðunni er einnig að finna umfjöllun um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og ýmsan annan fróðleik er varðar börn og starfsemi umboðsmanns barna.



FYRIR BÖRN OG UNGLINGA

BÖRN ERU SJÁLFSTÆÐIR EINSTAKLINGAR OG EIGA SÉRSTÖK RÉTTINDI – ÓHÁÐ RÉTTINDUM HINNA FULLORÐNU. EFTIR ÞVÍ SEM BÖRN ELDAST FÁ ÞAU AUKIN RÉTTINDI OG ÞEIM FYLGJA RÍKARI SKYLDUR Í SAMFÉLAGINU.

Á sérstökum vefsvæðum fyrir börn og unglunga á **barn.is** er m.a. hægt að:

- fræðast um réttindi og skyldur barna og ábyrgð hinna fullorðnu í ýmsum málaflokkum og fá upplýsingar um stofnanir og samtök sem geta hjálpað börnum og leiðbeint,
- fræðast um það hvenær börn mega gera hvað,
- fræðast um það hvernig börn geta haft áhrif í samfélaginu,
- kynnst Barnasáttmálanum og þýðingu hans,
- senda fyrirspurnir svo og skoða spurningar og svör sem aðrir hafa sent inn og fengið svör við,
- taka þátt í könnunum og spurningaþrautum og senda ábendingar, sögur, ljóð og myndir.

„Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.“

3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar